

# Fréttabréf Rangárþings eystra

Desember 2020

Gleðileg jól og farsæld á komandi ári



## Heilsueflandi samfélag

Þann 25. júní 2020 undirritaði sveitarstjóri Rangárþings eystra samning, fyrir hönd sveitarfélagsins, við Embætti landlæknis um að gerast heilsueflandi samfélag. Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og er meginmarkmið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í Rangárþingi eystra. Í kjölfarið var starfshópur um Heilsueflandi samfélag stofnaður en formaður hópsins og verkefnastjóri er Ólafur Örn Oddsson, íþróttar- og æskulýðsfulltrúi og forstöðumaður íþróttamannvirkja.



Í nóvember var kallað eftir hugmyndum frá íbúum um verkefni sem hægt væri að framkvæma í sveitarfélaginu í tengslum við Heilsueflandi samfélag. Hugmyndir og tillögur bárust frá 30 íbúum og þakkar starfshópur um Heilsueflandi samfélag kærlega fyrir þær.

## Rangárþing eystra

Austurvegur 4  
860 Hvolsvöllur  
Sími: 488 4200

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir  
Ábyrgð: Lilja Einarsdóttir



## Mötuneyti Rangárþings eystra

Mötuneyti Rangárþings eystra er komið með Instagram reikning þar sem gaman er að fylgjast með því sem um er að vera hjá Braga Þór Hanssyni og hans starfsfólki. Fram hafa komið skemmtilegar staðreyndir, m.a. að einn daginn voru eldaðar 1483 kjötbollar og þegar það er eldað spaghetti þá fara 25 kg. af því. Hægt er að fylgjast með á <https://www.instagram.com/hvolsvellingur/>

# Kæru íbúar

Nú líður senn að því að árið 2020 renni sitt skeið. Það er oft sem maður kveður líðandi ár með trega og söknuði, en svo er vart hægt að segja nú. Árið 2020 hefur fært okkur gríðarlegar áskoranir sem við vilðum svo sannarlega flest vera laus við að hafa þurft að takast á við. En svo að sama skapi hefur árið verið lærdómsríkt og fært okkur reynslu sem ekki verður af okkur tekin.

Fyrir okkur íbúa hér í Rangárþingi eystra, rétt eins og fyrir alla heimsbyggðina, hefur þetta ár verið afar frábrugðið því sem við eigum að venjast. Verkefni hafa verið ærin umfram þau hefðbundnu og reynt á útsjónarsemi, samvinnu og þrautseigju. En það er okkur hollt sem stýrum sveitarfélaginu að líta inná við og sjá hvað hægt er að gera betur og hvaða tækifæri skapast, grípa þau og gera úr þeim það besta sem mögulegt er. Það er alveg ljóst að hér í Rangárþingi eystra hefur þetta tekist vel og það ber fyrst og fremst að þakka því samhentna fólki sem hér býr og starfar.

Okkur hefur tekist að tileinka okkur tæknina til að stunda nám og vinnu sem aldrei fyrr og það er ljóst að það mun fylgja okkur áfram inn í framtíðina og skapa tækifæri sem ekki hafa verið áður jafn aðgengileg. Nám og störf án staðsetningar er örugglega eitt af því sem við eigum eftir að njóta góðs af hér í okkar byggðalagi. Rangárþing eystra hefur um árabil verið rekið af ábyrgð og fjárhagsstaðan verið góð. Það skiptir verulegu máli því nú, þrátt fyrir verulegan tekjusamdrátt hefur gríðarlega margt gott lítið dagsins ljós á árinu 2020. Gatnagerð fyrsta áfanga nýrrar götu, Hallgerðartúns er lokið og þar eru nú á þriðja tug lóða tilbúnar til auglýsingar. Deiliskipulag miðbæjarsvæðisins er lokið, en þar verður nú farið að vinna skv. því enda metnaðarfullt skipulag, þar sem verslun og þjónusta spila stærsta hlutverkið auk skemmtilegs útivistar- og samkomusvæðis á miðbæjartúninu. Einnig er gert ráð fyrir talsverðu magni íbúða á besta stað í miðbænum. Í sumar var unnið þrekvirki í fegrun umhverfis bæði í þéttbýli og dreifbýli og lögð áhersla á að bæta gönguleiðir, auka öryggi, skapa samfellu og glæða útivist enn meiri ánægju. Það er líka afar ánægjulegt að sjá hversu íbúar hér og gestir eru duglegir að njóta útivistar og náttúru í okkar fallega sveitarfélagi. Það er vel við hæfi að gleðjast yfir því að á árinu 2020 stigum við skrefið til fulls í áttina að Heilsuefandi samfélagi en áður höfðu skólarnir okkar gerst Heilsuefandi skólar. Þetta er framtíðarmúsík sem við spilum öll saman og hjálpumst að við að koma auga á það sem enn betur má fara til að andleg, líkamleg og félagsleg heilsa okkar megi dafna sem allra best. Hvað er einmitt mikilvægara en það? Þegar kreppir að þá er afar mikilvægt að ríki og sveitarfélög haldi ótraud áfram



og leggi allt kapp á að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Þetta höfum við lagt áherslu á og farið í ýmis verkefni sem eru atvinnuskapandi svo sem verulegar endurbætur í íþróttamiðstöð, félagsheimilinu Hvoli og gamla mötuneytinu á Kirkjuhvoli svo eitthvað sé nefnt.

Við brugðumst við í atvinnumálum í sumar með því að ráða alla unga námsmenn sem þurftu á vinnu að halda til starfa, enda mátti sjá árangur þeirrar vinnu svo um munaði. Það er krefjandi verkefni að taka við stöðu sveitarstjóra í miðjum heimsfaraldri, og þurfa að horfa yfir sviðið með þeim gleraugum sem það krefst. En ég er þakklát fyrir það tækifæri og full bjartsyni og eldmóði. Það er svo sannarlega heiður að vera hluti af því góða starfslíði sem vinnur hjá Rangárþingi eystra en þar hafa allir unnið sem einn maður í þeim verkefnum sem hafa komið á borð okkar og það ber að þakka. Árið 2021 verður örugglega ár tækifæra og uppbyggingar. Við áætluðum að leggja upp með metnaðarfull verkefni sem felast í áframhaldandi uppbyggingu og gatnagerð, enda mikilvægt að vaxa og dafna hratt og örugglega í takt við þá auknu eftirspurn í búsetu í okkar góða samfélagi. Stærsta einstaka verkefnið verður hönnun

og undirbúningur á nýjum 8 deilda leikskóla sem er svo sannarlega kominn tími á og verður spennandi að sjá það verða að veruleika.

Það er alveg ljóst að jóla og áramót verða með afar óhefðbundnum hætti bæði hvað varðar samfélag og fjölskyldur. Það hefur ekki verið hægt að hittast og gera sér dagamun. Jólaskemmtanir verða ekki með hefðbundnum hætti og jólaboðin sem eru okkur svo mikilvæg munu verða fámenn ef nokkur. Nýtt ár mun taka við þrátt fyrir að við kveðjum ekki það gamla með áramótabrennu og fögnum því nýja á áramótadansleik. En það er ekki þar með sagt að við getum ekki notið jólahátíðarinnar. Njótum þess að vera með okkar allra nánustu og dýrmætustu, og nýtum okkur tæknina til að eiga samverustund á skjánum með fjarskyldari ættingjum og vinum. Ég er þess fullviss að árið 2021 verður gott, við skulum taka því fagnandi.

Ég færi ykkur öllum mínar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og gæfuríkt komandi ár.

Hjartans þakkir fyrir góð samskipti og samvinnu á liðnum árum

Lilja Einarsdóttir  
Sveitarstjóri

## Styrkur úr Orkusjóð

Um miðjan desember fékk Rangárþing eystra styrk úr Orkusjóð upp á 1, 3 milljónir króna fyrir verkefnið *Hönnun og uppsetning hleðslutöðva við stofnanir Rangárþings eystra*. Þetta er fyrsti hluti af þriggja ára verkefni sem miðar að því að koma upp hleðslutöðvum við allar stofnanir sveitarfélagsins.

## Frá umhverfis- og garðyrkjustjóra

Kæru íbúar, þeir sem eiga eftir að snyrta runna/hekk og klippa trjágreinar sem að slúta yfir annarra manna garða og gangstéttir ættu að nýta veðurlíðuna til þeirra verka. Kvartanir hafa borist frá starfsmönnum áhaldahúss um að ekki sé hægt að hreinsa snjó af gangstéttum svo vel sé gert vegna trjágróðurs.

Það er ánægjulegt að sjá hve íbúar eru duglegir að lýsa upp skammdegið með fallegum jólaljósum og skreytingum.



## Útivist í Leikskólanum Örk

Nemendur og kennarar í Leikskólanum Örk hafa verið dugleg að njóta veðurlíðunnar síðustu daga. Börnin á Tónalandi, elstu deildinni á leikskólanum, hafa t.d. farið reglulega í göngutúra um nærumhverfið og gerðu sér svo lítið fyrir og gengu upp á Hvolsfjall og að ártalinu. Ártalið hefur verið sett upp í Hvolsfjall í meira en 40 ár en það er Björgunarsveitin Dagrenning sem sér um þessa skemmtilegu hefð.



Anton Kári og Lilja



Guðrún Björk Benediktsdóttir



Gunnsteinn Sigurðsson | Sandra Rún Jónsdóttir

## Nýir starfsmenn

Í júní skiptu þau Lilja Einarsdóttir og Anton Kári Halldórsson um stöðu en þá tók Lilja við sem sveitarstjóri og Anton Kári sem oddviti. Þessi hlutverkaskipti eru hluti af samstarfssamningi flokkanna tveggja.

Guðrún Björk Benediktsdóttir tók til starfa sem Umhverfis- og garðyrkjustjóri í haust en starfið er nýtt af nálinni hjá sveitarfélaginu.

Svava Davíðsdóttir hefur verið ráðin sem félagsmálastjóri hjá Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en hún hefur verið starfandi félagsmálastjóri sl. ár. Gunnsteinn Sigurðsson hefur einnig hafið störf hjá Félagsþjónustunni en Gunnsteinn er nýr deildarstjóri VISS á Hvolsvelli en VISS er vinnu- og endurhæfingarstöð fyrir fatlað fólk.

Sandra Rún Jónsdóttir er nýr skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga og hóf hún störf í byrjun ágúst.

Við óskum nýjum starfsmönnum farsæld í starfi og þökkum fyrirrennum þeirra fyrir góð störf.



## Fjárveiting til að bregðast við hruni í ferðapjónustunni

Rangárþing eystra fær 18 milljónir úr sérstakri fjárveitingu frá ríkinu og var samningur undirritaður nú í október. Verkefni sem sveitarfélagið lagði til að farið verði í eru eftirfarandi:

- Heilsueflandi samfélag
- Hönnun hjólréiðastíga
- Eitt samfélag – aðlögun nýbúa
- Njálurefillinn



## Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2021-2024

Áhrifa heimsfaraldursins Covid-19 gætir víða og ljóst að efnahagsleg áhrif hans eru mikil. Þessar efnahagslegu afleiðingar hafa litað alla vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Rangárþings eystra 2021-2024. Almennt var lagt upp með að gæta aðhalds í rekstri og skera niður kostnað eins og hægt var. Sveitarstjórn lagði mikla áherslu á að tryggja alla grunnþjónustu og vernda störf allra starfsmanna sveitarfélagsins og gekk vinna við fjárhagsáætlun út frá því að það væri gert.

Áætlunin í heild gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 206.500.000 kr árið 2021.

Áætlaðar heildartekjur Rangárþings eystra 2021 (aðalsjóðs, A- og B hluta) nema alls 2.010 m. kr. Heildarútgjöld án fjármagnsliða eru áætluð 1.855 m.kr. og þar af reiknaðar afskriftir 110 m.kr. Veltufé frá rekstri 124 m.kr.

Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð 45 m. kr. Rekstrarniðurstaða 2021 jákvæð um 2 m.kr.

Í eignfærða fjárfestingu verður varið.....206,5 mkr.

Afborgun lána.....99,7 mkr.

Tekin ný langtímalán.....110 mkr.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok....1.204 mkr.

Eigið fé er áætlað í árslok.....2.143 mkr.

Sveitarstjórn vill koma á framfæri þakklæti til fjármálastjóra, forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins auk annarra starfsmanna sem komu að gerð áætlunarinnar.

## Fréttir frá Hvolsskóla

Á COVID tímum tókumst við í Hvolsskóla á við nýjar áskoranir eins og allir aðrir. Það verða til nýjar leiðir sem mögulega verða að nýjum hefðum þegar fram líða stundir. Áskoranir sem bæði starfsmenn, nemendur og foreldrar í Hvolsskóla hafa staðið frammi fyrir á árinu, hafa verið margar og hafa reynt á skapandi hugsun og lausnamiðun. Starfsemin hefur þó gengið vel og ber að þakka það öllu því góða fólki sem byggir skólann; nemendum, starfsmönnum, foreldrum og samfélaginu í heild. Skólastarfið hefur þó vissulega haft annan blæ en áður. Hluti kennslunnar í ár hefur farið fram í gegnum TEAMS sem og foreldraviðtölin frá því í haust og gefið góða raun. Hvað árlegar hefðir okkar varðar hafa þær verið til staðar, þó með breyttu sniði. Nefna má að Njála var lesin núna í desember og lestrinum streymt í gegnum fésbókina. Þetta var í sextánda skipti sem nemendur í 10. bekk lesa Brennu-Njálssögu, á þennan hátt. Við sömu tímamót fluttu nemendur í 7. bekk Gunnarshólma en sá flutningur var tekinn upp og er aðgengilegur í gegnum netmiðla.

Árlega hefur foreldrafélag Hvolsskóla staðið að jólafondri.Þetta árið varð engin undantekning á því en þó með breyttu sniði. Í ár var kennsludagur brotinn upp og nemendur nýttu hann til ýmiss konar fondurs í tilefni jólanna. Foreldrafélagið bauð upp á kakó, piparkökur og mandarínur sem nemendur gæddu sér á yfir fondrinu. Það má því segja að þrátt fyrir COVID og allar fylgjandi brotinn upp og nemendur nýttu hann til ýmiss konar fondurs í tilefni jólanna. Foreldrafélagið bauð upp á kakó, piparkökur og mandarínur sem nemendur gæddu sér á yfir fondrinu. Það má því segja að þrátt fyrir COVID og allar fylgjandi áskoranir þá hafi verið ákaflega líflegt starf í gangi í skólanum. Það er ekki allt slæmt sem fylgir þessu ástandi, í því felast líka tækifæri, til dæmis tækifæri til að staldra við og njóta. Við erum afar þakklát hve vel hefur gengið og fögnum þeim áfanga að hafa til þessa verið laus við að fá COVID-vírusinn inn í skólann. Vonandi gengur okkur það vel áfram, í sameiningu. Það er enginn einn sem getur dregið þann vagn. Þar þurfum við áfram að taka höndum saman. Við í Hvolsskóla sendum ykkur öllum okkar bestu jólakveðjur og þökkum af heilum hug samfylgdina og samstarfið á árinu sem er að líða. Við hlökkum til þess að takast á við nýtt ár með ykkur. Hafið það sem allra best yfir hátíðirnar og njótið samverunnar í „jólakúlunni“.

## Kirkjuhvoll

Árið 2020 hefur verið mjög frábrugðið öðrum árum á Kirkjuhvoli eins og hjá öllum öðrum landsmönnum. Árið byrjaði vel á nýársfögnum þar sem við buðum heimilisfólki hjúkrunarheimilisins Lundar á Hellu til okkar og var glatt á hjalla þar sem Vinir Jenna héldu uppi fjörinu. Boðið var uppá pizzu og rauðvín og þessi blessaða COVID veira var ekki orðin ógnvænleg í augum okkar Íslendinga. Til stóð að við myndum endurgjalda heimsóknina á haustmánuðum en það verður að bíða betri tíma. Árið hefur að mestu einkenst af heimsóknartakmörkunum og heimsóknarbanni sökum COVID-19 faraldurs. Hjúkrunarheimili á Íslandi hafa fengið gott utanumhald en vikulegir upplýsingafundir hafa verið með Almannavörnum og Landlæknisembættinu. Þar höfum við fengið stuðning og upplýsingar varðandi hvernig starfsemi hjúkrunarheimila skuli háttað. Mikilvægum upplýsingum hefur verið safnað og verkferlar mótaðir en við vonum að við þurfum ekki að fletta þessum upplýsingum upp í nánustu framtíð og við getum lifað því venjulega lífi sem var fyrir heimsfaraldur. Starfsemi Kirkjuhvols hefur tekið breytingum á þessum tíma og hefur starfsfólk verið boðið og búið til að leggja sitt af mörkum að fylgja eftir sóttvarnaáðgerðum. Heimilinu skipt upp í hólf en samt reynt að halda uppi sem mestum heimilisbrag. Starfsfólk Kirkjuhvols á mikið hrós skilið fyrir dugnað, jákvæðni og frábært hugmyndaflug. Hugmyndir sem hafa komið upp hjá starfsfólki til að létta undir með heimilisfólki og verið framkvæmdar eru ómetanlegar – **já kæra starfsfólk þið eruð snillingar.**

Margir hafa hugsað til okkar á árinu og hefur heimilinu borist margar og góðar gjafir og erum við afar þakklát fyrir þann hlýhug sem við finnum fyrir í samfélaginu. Hjá okkur á Kirkjuhvoli býr viðkvæmur hópur einstaklinga sem við höfum lagt mikið kapp á að vernda. Við höfum mætt miklum skilning frá aðstandendum og hafa þeir einnig verið lausnarmiðaðir í notkun tækninnar. Gluggaheimsóknir hafa verið margar í heimsóknarbanni og mikið hefur tæknin aðstoðað okkur að hjálpa fólki að halda sambandi við sína nánustu. Það kemur engin í stað aðstandenda en við reynum okkar besta að létta lundina með félagsstarfi og njótum veðurbliðunnar þegar hún leyfir okkur að njóta sín. Kæru aðstandendur og íbúar Kirkjuhvols kærar þakkir fyrir skilning á þessum aðstæðum við erum öll orðin leið á þessu ástandi en með hækkandi sól og komu bóluefnis trúi ég því að lífið færir í eðlilegt horf. Heimilisfólk Kirkjuhvols hefur sýnt mikið æðruleysi í þessum hertu sóttvarnaáðgerðum og sýnt þessu öllu skilning. Þau hafa minnt okkur, sem yngri eru, á að þeir hlutir sem við höfum alltaf talið svo sjálfsagða eru það í raun og veru ekki. Núna á aðventunni höfum við bakað smákökur, farið í jólabingó, notið tónleika sem verið er að streyma í gegnum netið og sjónvarp. Nú síðast var smá jólagleði og jólasveinninn kíkti í heimsókn og var mikið hlegið, sungið og bara haft gaman. Starfsfólk Kirkjuhvols situr nú fjarnámskeið hjá Eden samtökunum á Íslandi ásamt nágretta hjúkrunarheimilum okkar, Hjallatúni í Vík og Lundi á Hellu. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi kennsla fer fram í fjarfundi og erum við nokkurskonar tilraunaverkefni. Námskeiðið fer vel af stað en þar lærir starfsfólkið um Eden stefnuna en Kirkjuhvoll hefur í gegnum árin verið að fíkra sig í átt að þeirri stefnu. Eden hugmyndafræðin er áhrifarík til að efla sjálfræði og lífsgæði aldraðra sem og þeirra sem koma að umönnun aldraðra. Að hverfa frá stofnavæddri menningu til eflandi og hvetjandi menningar sem er hlýlegri og mannúðlegri.

Ég vil fyrir hönd Kirkjuhvols óska öllum gleðilegra hátíðar og farsældar á komandi ári. Ég trú því að nýtt ár færi okkur ótal góðar samverustundir, gleði og hamingju.

Bestu kveðjur frá okkur á Kirkjuhvoli

Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir

Hjúkrunarforstjóri



## Afgreiðslutími

Mánudagar 13:00-20:00

Þriðjudagar 13:00-18:00

Miðvikudagar 13:00-18:00

Fimmtudagar 13:00-18:00

Föstudagar 10:00-13:00

## Félagsmiðstöðin

### Tvisturinn

Starfið í félagsmiðstöðinni

Tvistinum hefur að miklu leyti legið niðri árinu vegna Covid.

Allir stórir viðburðir sem SAMFÉS hefur staðið fyrir hafa fallið niður. Tíminn hefur verið notaður í framkvæmdir m.a. til að hljóðeinangra herbergi til tónlistarflutnings og upptöku. Framkvæmdir eru langt komnar og búast má við að allt verði klárt eftir jól.

## Sumarátak

Mikið átak var gert í sumar með ráðningu 25 sumarstarfsmanna sem sinntu ýmsu viðhaldi í sveitarfélaginu. Meðal verkefna sem þessir starfsmenn réðust í var hlaupabrautin á íþróttasvæðinu, stígurinn gegnum Tuma- og Tungustaðaskóg var lagfærður sem og við Skógarfoss. Auk þessara starfsmanna voru 35 starfsmenn í Vinnuskólanum og leystu þeir sín verkefni vel undir öruggri og góðri verkstjórn flokk- og verkstjóranna.

## Héraðsbókasafn Rangæinga

Verið velkomin á Héraðsbókasafn Rangæinga

Hillurnar eru fullar af nýjum bókum enda bókaútgáfa sjaldan verið eins blómleg eins og fyrir þessi jól.

Afgreiðslutíminn um jól og áramót er óbreyttur á virkum dögum en lokað er á helgidögum.



## Íþróttamiðstöðin

Í upphafi árs var ákveðið að fara í viðhald á búningsklefum og setja flísar á vegg og gólf í stað epoxi og setja nýja skápa. Hinsvegar, þegar verkið var komið af stað, komu í ljós miklar rakaskemmdir ofl. sem varð til þess að ákveðið var að fara í allsherjar breytingar á búningsklefum og munu þeir verða glæsilegir þegar þeim verður lokið. Gestir íþróttamiðstöðvarinnar hafa ekki farið varhluta af Covid. Alls hefur verið lokað í sundlaug vegna Covid í 93 daga og í enn fleiri daga í líkamsræktinni. Auk þess hafa verið miklar fjöldatakmörkanir og því hafa margir þurft frá að hverfa eða bíða eftir að fá að fara ofan í sundlaugina. Það er þó ánægjulegt að gríðarleg aukning sundgesta var í júlí en þá fengum við 8500 gesti sem er um 25% aukning frá árinu áður. Hins vegar var aðsókn um verslunarmanna helgi mun minni en undanfarin ár.

Starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar eiga miklar þakkir skyldar fyrir sín störf á þessu ári. Það fylgir því auka álag að vinna sína venjulegu vinnu innan um iðnaðarmenn auk þess sem starfsmennirnir leystu vel það verk að koma sundgestum fyrir í þeim búningsklefum sem tiltækir voru í sumar þegar aðsóknin var sem mest. Einnig þurfti að koma leikmönnum sem voru að keppa á SS vellinum fyrir en auk búningsklefa voru íþróttasalurinn og félagsmiðstöðin notuð sem búningsklefar, stundum við litla hrifningu leikmanna. Að auki brugðust starfsmennirnir vel við beiðni um „önnur“ störf þegar lokað var vegna Covid. Meðal verka sem farið var í var gerð hillu í áhaldageymslu, málningarvinna, viðhald ofl.



**Opnunartími  
um jól og áramót í  
íþróttamiðstöðinni  
á Hvolsvelli**

**Þorláksmessa 23. des kl. 06:00 - 21:00**  
**Aðfangadagur 24. des kl. 08:00 - 11:00**  
**Jóladagur 25. des lokað**  
**Annar í jólum 26. des lokað**  
**27. des kl. 10:00 - 17:00**  
**28. des kl. 06:00 - 21:00**  
**29. des kl. 06:00 - 21:00**  
**30. des kl. 06:00 - 21:00**  
**Gamlársdagur 31. des. kl. 08:00 - 11:00**  
**Nýársdagur 1. jan lokað**

*Starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar á Hvolsvelli óskar öllum  
ibíum Rangárþings sem og öllum viðskiptavinum ársins  
gleðilegra jóla, farsældar á nýju ári og við vonumst til að sjá  
ykkur sem oftast á árinu 2021.*

## Nemendatónleikar hjá Tónlistarskóla Rangæinga

Tónlistarskóli Rangæinga hefur síðastliðin ár haldið nemendatónleika í desember þar sem að nemendur láta ljós sitt skína og sýna þann árangur sem þau hafa náð í námi sínu á haustönn. Í ár buðu aðstæður ekki upp á að hægt væri að halda tónleika með þessu formi en starfsfólk Tónlistarskólans var ekki af baki dottið og fengu Adda Gauta með sér í lið til að streyma tónleikunum beint á facebook síðu Tónlistarskólans. Alls urðu tónleikarnir 9 talsins og komu nemendur á öllum aldri fram. Nemendum var einnig boðið að taka upp lög ef þau vildu og voru 17 nemendur sem nýttu sér það tækifæri og fá þau afurðina unna á rafrænu formi.



## Fiðlufjör 2020

Fiðlufjör hefur verið haldið að sumri til í nokkur ár en markmiðið er að bjóða öllum þeim fiðlunemendum sem búa utan höfuðborgarsvæðisins upp á sumarnámskeið á Suðurlandi. Vegna Covid var námskeiðið með dálítið breyttri mynd þar sem foreldrar gátu ekki setið í salnum en streymt var frá þeim tónleikum sem haldnir voru. Yfir 60 nemendur og kennarar spiluðu saman á lokatónleikum Fiðlufjör 2020 og var gríðarleg ánægja með námskeiðið.



## Sorphirðudagatal yfir hátíðarnar

Það verður eitthvað rask á sorphirðu frá og með 18. desember vegna frídaga. Sorp verður sótt á alla staði þó dagsetningar breytist aðeins

| Sorphirðudagatal desember 2020  |  |
|---|--|
| Fjótshlíð og Vestur-Landeyjar   |  |
| Austur-Landeyjar og Merkurbær   |  |
| Eyjafjöll   |  |
| Bæir vestan Rauðalækjar, Fosshólahringur, Ásahreppur, Heiðarvegur og Hagabraut  |  |
| Ásvegur, Laugaland, Landvegur, Landsveit og Þingskálavegur*   |  |
| Hella, Ægissíða 3 og 4, Lyngás, Vetleifsholtshverfi, Fet, Lækjarbraut, Rauðalækur, Gaddstaðir, Varmidalur og Rangárvellir sunnan Þjóðvegur og Kirkjubær |  |
| Þykkvibær, Þykkvabæjarvegur, Árbæjarvegur og Bjallavegur  |  |
| Gata, Sunnhvoll, Tjaldhólar, Vallarkrókur, bæir vestan við Hvolsvöll og Rangárvallavegur  |  |
| Hvolsvöllur   |  |

\* Ef Þingskálavegur ofan Næfurholts er ófær færast sorphirða yfir á fimmtudag (grátt)

PL = Plast PA = Pappi AL = Almenn sorp Lífrænt tekið á tveggja vikna fresti

### Desember

| Sun    | Mán    | Pri    | Mið    | Fim    | Fös       | Lau    |
|--------|--------|--------|--------|--------|-----------|--------|
|        |        | 1. PA  | 2. PA  | 3. PA  | 4. PA     | 5.     |
| 6.     | 7. PL  | 8. PL  | 9. PL  | 10. PL | 11.       | 12.    |
| 13.    | 14. PL | 15. PL | 16. PL | 17. PL | 18. PL AL | 19. AL |
| 20. AL | 21. AL | 22. AL | 23. AL | 24.    | 25.       | 26.    |
| 27.    | 28. AL | 29. AL | 30. AL | 31.    | 1.        |        |

### Opnunartími á Strönd

Mánudagar 13:30 – 17:00  
 Þriðjudagar 13:30 – 17:00  
 Miðvikudagar 13:30 – 17:00  
 Fimmtudagar 13:30 – 17:00  
 Föstudagar 13:30 – 16:00  
 Laugardagar 11:00 – 15:00  
 Sunnudagar Lokað

## Fréttir um framkvæmdir og skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Margt hefur verið á döfinni í framkvæmdum og skipulagsmálum í sveitarfélaginu. Í desember var lokið var við 1. hluta gatnagerðar í Hallgerðartúni, sem er ný íbúðagata í Hvolsvelli. Hallgerðartún og Bergþórugata fengu einmitt flestar tilnefningar frá almenningi um nöfn á götum í nýju íbúðahverfi norðan Króktúns og Gunnarsgerðis. Í 1. hluta verður úthlutað tuttugu og einni einbýlishúsaloð og einni raðhúsaloð, sem er með þremur íbúðum.

Breyting á deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli var samþykkt í sveitarstjórn þann 12. nóvember sl. Með breyttu skipulagi er núna búið að skilgreina lóðir og byggingarmöguleika fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, auk þess sem að gert er ráð fyrir 22 íbúðum í fjölbýli. Einnig er gert ráð fyrir breytingum á þjóðvegi 1 þar sem hann fer í gegnum Hvolsvöll. Breytingarnar eru til þess fallnar að draga úr hraða og auka umferðaröryggi.


Viðtalstími Skipulags- og byggingarfulltrúa er:

Mánudagar 13 – 15

Míðvikudagar 13 – 15

Sími: 488 4200

Netfang: bygg@hvolsvollur.is



Nýtt deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli


Verið er að vinna að nýju deiliskipulagi fyrir skóla- og íþróttasvæðið á Hvolsvelli. Aðalmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóð lóðir fyrir íþróttasvæði, skóla og leikskólalastarfsemi. Gert er m.a. ráð fyrir nýjum leikskóla sem mun verða staðsettur við Vallarbraut. Einnig er í skipulaginu gert ráð fyrir stækkun á grunnskóla, íþróttahúsi og sundlaugarsvæði ásamt byggingarreit fyrir fjölnota íþróttahús. Íþróttasvæðið er auk þess endurskipulagt með nýjum æfingavöllum. Á myndinni hér hægra megin sést tillagan eins og hún lítur út í dag.



Tillaga að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis



Vinna er í gangi við nýtt skipulag á svokölluðum ofanbyggðarvegi, þar sem fyrirhuguð er ný vegtenging frá Þjóðvegi 1, við þéttbýlið á Hvolsvelli. Gert er ráð fyrir nýju fjögurra stúta hringtorgi vestan við Hvolsvöll. Ný tenging við íþróttasvæðið verður frá veginum auk tenginga við nýja íbúðabyggð við Bergþórugötu og Hallgerðartún. Akurbraut fékk flestar tilnefningar frá íbúum um nafn á ofanbyggðarveginum.



Akurbraut liggur frá hringtorgi við Þjóðveg 1 og að Nýbýlavegi

Nú nýlega var auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Kirkjuhvolsreit á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir þremur nýjum viðbyggingum við dvalarheimilið sem og að núverandi bílastæði verða stækkuð. Skipulagið gerir ráð fyrir byggingu rað- og parhúsa með 23 íbúðum ætluðum fyrir 60 ára og eldri. Við heilsugæsluna er gert ráð fyrir nýrri aðkomu fyrir sjúkrabíla auk stækkunar á stöðinni sjálfri. Einnig nær skipulagið til lóðar Stórólfshvolskirkju þar sem gert er ráð fyrir nýjum bílastæðum



Nýtt deiliskipulag við Kirkjuhvolsreit

Kveðja

Guðmundur Úlfar Gíslason

Skipulags- og byggingarfulltrúi



## Áramóta- og þrettándabrennur falla niður

### Flugeldasýning á Gamlárskvöld

Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli ætlar að bjóða upp á flugeldasýningu á Gamlárskvöld kl. 18:00. Sýningin fer fram uppi á Hvolfsfjalli og því ættu flestir að sjá dýrðina vel frá heimilum sínum.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem við glífum nú við hefur verið ákveðið að aflýsa áramóta- og þrettándabrennum að þessu sinni. Búið var að safna í einn myndarlegasta bálköst allra tíma á túninu norðan við Króktún á Hvolsvelli en sú brenna biður betri tíma þegar hægt verður að koma saman og njóta ylsins frá bálkestinum.



## Sveitarfélagið Suðurland

Þann 13. desember 2019 kom verkefnahópur á vegum sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdals- og Skaftárhrepps í fyrsta sinn saman til að ræða möguleika á sameiningu sveitarfélaganna fimm. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Sveitarfélagið Suðurland*. Verkefnahópurinn hefur haft það hlutverk að draga saman kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna og markmiðið er að gera tillögu að því til hlutaðeigandi sveitarstjórna hvort hefja skuli sameiningarviðræður. Tímaáætlun verkefnisins hefur breyst vegna Covid-19 en í október fóru fram rafrænir íbúafundir í öllum sveitarfélögunum og nú vinnur starfshópurinn að greiningu sinni og tillögum.

Ráðgjafafyrirtækið RR ráðgjöf stýrir verkefninu og leiðir vinnu við greiningar. Allar upplýsingar um verkefnið má finna á [www.svsudurland.is](http://www.svsudurland.is) og þar má t.a.m. finna myndlýsingar frá öllum fundunum eftir þær Elínu Elísabet og Rán Flygenring. Í desember samþykktu svo sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna fimm að ganga til formlegra viðræðna um sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga sem lýkur með atkvæðagreiðslu um sameiningu á meðal íbúa. Sveitarstjórnirnar hafa jafnframt skipað fulltrúa í samstarfsnefnd um sameiningu eins og kveðið er á um í lögunum. Fulltrúar í nefndinni eru þeir sömu og fram að þessu hafa setið í verkefnishópi Sveitarfélagsins Suðurlands.

